



Reykjavík, 22. apríl 2026

USK26030099

hsg

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 21.4.2026 varðandi eftirfarandi mál:

**- 13. liður; Suðurlandsbraut 30-34 og Ármúli 29-31 (Orkureitur) - breyting á deiliskipulagi**

Lögð fram fundargerð borgarráðs frá 16. apríl 2026. 13. liður fundargerðarinnar frá 16. apríl, Suðurlandsbraut 30-34 og Ármúli 29-31 (Orkureitur), breyting á deiliskipulagi, er samþykktur með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Kjartans Magnússonar og Helga Áss Grétarssonar óháðra borgarfulltrúa.

Borgarfulltrúi Viðreisnar situr hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun undir liðum 11-14 í fundargerð borgarráðs frá 16. apríl:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggjast gegn fyrirleggjandi tillögum um breytingar á deiliskipulagi við Suðurlandsbraut og Sigtúnsreit. Þótt breytingarnar séu settar fram sem tæknileg aðlögun að Borgarlínu liggur fyrir að þær fela í sér verulega skerðingu á bílastæðum á svæðinu. Með því að taka bílastæði út úr uppdráttum og færa ákvarðanir um fjölda þeirra á síðari stig er verið að draga úr gagnsæi og veikja forsendur fyrir raunhæfu mati á áhrifum skipulagsins. Ljóst er að niðurstaðan verður færri bílastæði, án þess að það sé sett fram með skýrum hætti. Sú þróun er ekki í samræmi við þarfir atvinnulífs á svæðinu. Fyrirséð er að veruleg fækkun bílastæða muni hafa neikvæð áhrif á aðgengi, rekstrarskilyrði fyrirtækja og daglegt líf fólks. Nauðsynlegt er að slík áhrif séu metin með opnum og gagnsæjum hætti áður en breytingar eru samþykktar.

Kjartan Magnússon óháður borgarfulltrúi leggur fram svohljóðandi bókun undir liðum 11-14 í fundargerð borgarráðs frá 16. apríl:

Fyrirleggjandi tillögur vegna 11.–14. liðar í fundargerð borgarráðs frá 16. apríl kveða á um aðlögun að deiliskipulagi Suðurlandsbrautar vegna Borgarlínu. Suðurlandsbraut er ein helsta umferðaræð borgarinnar en um hana fara um 25 þúsund bifreiðar á dag. Gatan er mikilvæg tengibraut milli austurs og vesturs og þjónar fjölmönnum íbúahverfum og atvinnuhverfum. Tillagan er hluti af þeirri vegferð vinstrimeirihlutans að þrengja að umferð í Reykjavík og auka umferðartafir í borginni. Vinstrimeirihlutinn ætlar sér að taka tvær akreinar af almennri umferð á drjúgum kafla



Suðurlandsbrautar og gera þær að sérakreinum fyrir borgarlínu. Jafnframt er ætlunin að fækka stórlega bílastæðum við brautina en þau eru nú þegar af skornum skammti. Undirritaður leggst eindregið gegn slíkum fyrirætlunum. Bent er á að unnt er að koma fyrir sérakreinum fyrir strætisvagna við brautina í stað þess að þrengja að bílastæðum og almennri umferð. Auk þess munu auknar umferðartafir á Suðurlandsbraut leiða til þess að umferð þaðan leiti í meiri mæli inn í nærliggjandi íbúahverfi. Við Suðurlandsbraut eru mörg atvinnufyrirtæki og vinsælir veitingastaðir. Þrenging brautarinnar og mikil fækkun bílastæða myndi torvelda aðgang að fyrirtækjunum og hafa neikvæð áhrif á rekstur þeirra. Mörg fyrirtæki við brautina hafa látið áhyggjur sínar í ljós vegna fyrirhugaðrar fækkunar akreina og bílastæða á svæðinu.

Helga Björk Laxdal  
e.u.